

um frv. til 1. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga hefur nú um nokkurt skeið verið til athugunar í heilbrigðis- og félagsmálanefnd deildarinnar, þótt margir fundir hafi ekki verið haldnir um málið. Svo hefur virzt, að allur undirbúningur hafi ekki verið svo sem skyldi, því að sjálft stuðningslið ríkisstjórnarinnar hefur talið nauðsynlegt að flytja allmargar breytingartillögur við sitt eigið frumvarp allt fram á síðasta fund nefndarinnar um málið, 1. marz s. l.

Allur málatilbúnaður þessa frumvarps er með þeim hætti, að til fádæma má telja, og þar beitt meira kappi en forsjá. Svo virðist, að það hafi um of setið í fyrir-rúmi að flytja breytingartillögur við gildandi skattalög til ríkis og sveitarfélaga — breytinganna vegna, en ekki að sama skapi aðgætt, hverjar afleiðingar umræddar breytingar muni hafa.

Um þessi efni vitna gleggst þau fjölmörgu erindi, sem Alþingi hafa borizt frá fjölmönnum samtökum í tilefni af flutningi frv. og ýmist hafa inni að halda algjör mótmæli gegn því, að frv. nái fram að ganga, en til vara eru fluttar óskir um, að ótal breytingar verði gerðar á frumvarpinu, eigi það að ná fram að ganga. Athugasemdir þessar ná allt inn í traustasta stuðningslið ríkisstjórnarinnar sjálfar, og mun það m. a. orsökinn fyrir því, að afgreiðsla málsins í nefnd hefur tekið lengri tíma en upphaflega var áætlað.

Þess ber þó að geta, sem vert er, að þessar sjálfsgagnrýnistillögur eru nokkuð í bótaátt frá frv. sjálfu. Vonandi tekst Alþingi að færa þær enn til bótaáttar.

Meginstefna frumvarpsins um tekjustofna sveitarfélaga, ásamt frv. um tekjuskatt, miðar að því sem heild að þyngja beina skatta á meginþorra allra gjaldþegna þjóðarinnar, og hefur í því sambandi talan 70—80% gjaldenda verið nefnd.

Í þessu sem öðru mun þó reynslan verða ólygnust, þ. e. a. s. skattskráin sjálf, þegar hún kemur fyrir almenningssjónir. Sú bók mun skýra álögunar annars vegar og loforð núverandi stjórnarflokka fyrir síðustu alþingiskosningar hins vegar um lækkandi skatta, svo að ekki verður um villzt. — Þar munu birtast afleiðingar þeirrar stefnu, sem ríkisstjórnin og stuðningslið hennar er með umræddum frumvörp-um að fara inn á.

Erfitt er að ræða efni þessa frv., án þess að jafnframt verði rætt um fylgifr. þess, sem nú liggur fyrir háttv. Nd., um tekjuskatt, svo samofin sem þessi frumvörp eru, en það mun nánar gert í framsögu.

Alþýðuflokkurinn telur það til bóta í meginstefnu þessara frv., að meginþorri nefskatta skuli lagður niður, og er fullvel ljóst, að í stað þess fjár, sem með þeim hefur verið aflað, verða að koma nýir tekjustofnar, og í því sambandi sé þess sérstaklega gætt að heimila möguleika til jöfnunar útsvara og innheimtu þeirra án tillits til þess, hvar menn eru búsettir.

Meginstefna Alþýðuflokksins í skattamálum er sú, að launafólk greiði ekki tekjuskatt eða útsvar af þeim tekjum, sem nauðsynlegar eru til venjulegs lífsframfaris.

Með þeirri stefnu, sem mörkuð er með þessum frv. ríkisstjórnarinnar, telur Alþýðuflokkurinn þetta ekki tryggt, nema síður sé.

Ég tel, að réttast væri að vísa þessu frumvarpi til ríkisstjórnarinnar aftur til framhaldsendurskoðunar, og geri það hér með að tillögu minni.

Ef það er vilji stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar að knýja þetta frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga fram óbreytt, eftir að þeirra eigin breytingar hafa verið felldar inn í frv., þá verður þess freistað af hálfu Alþýðuflokksins að flytja breytingartillögur til enn frekari breytinga á frv. í bótaátt, og mun það gert á sérstöku þingskjali.

Endanleg afstaða Alþýðuflokksins til frv. mun ráðast af því, hverja afgreiðslu þessar tillögur fá, ásamt öðrum tillögum, er til bóta horfa, í meðförum Alþingis.

Alþingi, 3. marz 1972.

Eggert G. Þorsteinsson.